

Viðauki við skýrslu tilnefningarnefndar Eikar fasteignafélags hf. 2022

Tilnefningarnefnd Eikar fasteignafélags hf. skilaði af sér skýrslu, með tilnefningum til stjórnar, 9. mars 2022 og var skýrslan birt 14. mars 2022 með öðrum gögnum um aðalfund félagsins. Þann 16. mars barst nefndinni tilkynning um að einn þeirra sem nefndin tilnefndi myndi draga framboð sitt til baka og yrði því ekki í framboði til stjórnarsetu.

Ákveðið var að birta tilkynningu í kauphöll um þessa breytingu og upplýsa um að tilnefningarnefnd hefði hug á að fjalla um ný framboð í stjórn sem bærust fyrir lok 20. mars 2022. Fyrir lok þess frests bárust átta framboð og fór nefndin yfir öll framkomin framboð. Hafði nefndin sömu þætti til grundvallar og fram koma í ofangreindri skýrslu nefndarinnar frá 9. mars, þ.e.:

- Reynsla og þekking þegar kemur að almennum stjórnarháttum og eftirlitsskyldu stjórnarmanna (t.d. lögfræði, endurskoðun, regluvarsla, mannauðsstjórnun, áhættustjórnun og almennt góðir stjórnarhættir og eftirlitsskylda stjórnarmanna gagnvart þessum þáttum)
- Þekking af þeim markaði sem Eik fasteignafélag starfar á og því samkeppnisumhverfi sem félagið starfar í, til skemmri og lengri tíma
- Þekking og reynsla af sjálfbærni og umhverfisþáttum
- Reynsla af starfsemi fasteignafélaga og þekking á fasteignamarkaði
- Reynsla af fjármálamarkaði með áherslu á lánamarkað
- Þekking og reynsla af nýsköpun á þeim markaði sem félagið starfar
- Siðferði og samfélagsleg vitund, orðsporsáhætta og/eða ímyndaráhætta stjórnar og/eða félagsins

Að auki var horft til samsetningar stjórnarinnar og komu þar m.a. eftirfarandi sjónarmið til álita:

- Óhæði gagnvart félaginu
- Fjölbreytt reynsla og þekking stjórnarmanna auk aldursdreifingar
- Almennar hæfniskröfur laga og áskilnaður um kynjahlutföll í stjórn
- Jafnvægi milli endurnýjunar í stjórn og stöðugleika

Þau sem sendu tilnefningarnefnd framboð til stjórnar á aðalfundi 2022 og hafa ekki dregið framboð sitt til baka með ósk um nafnleynd, eru í stafrófsröð:

Bjarni Kristján Þorvarðarson

Eyjólfur Árni Rafnsson

Guðrún Bergsteinsdóttir

Hersir Sigurgeirsson

Ragnheiður Harðar Harðardóttir

Tillaga tilnefningarnefndar

Það er mat tilnefningarnefndar að það væri mikill styrkur fyrir stjórn Eikar fasteignafélags að Eyjólfur Árni Rafnsson sæti áfram í henni. Eyjólfur Árni hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af stjórnunar- og stjórnarstörfum og hefur t.d. setið í stjórn félagsins frá árinu 2015 og þar af sem stjórnarformaður frá árinu 2016. Hann hefur víðtæka reynslu af fasteignamarkaði og starfsemi fasteignafélaga gegnum stjórnarsetu sína í Eik fasteignafélagi og sem forstjóri Mannvits og tengdra félaga frá árinu 2003, sem er umfram reynslu annarra hæfra einstaklinga sem buðu sig fram.

Eyjólfur Árni Rafnsson

Menntun: Ph.D.-próf í byggingarverkfræði frá University of Missouri-Rolla, Bandaríkjunum, 1991, M.Sc gráða í byggingarverkfræði frá University of Missouri-Rolla, Bandaríkjunum, 1988 og B.Sc. gráða í byggingartæknifræði frá Tækniskóla Íslands, 1984.

Starfsreynsla: Formaður stjórnar Samtaka atvinnulífsins frá 2017 og í stjórn Samtaka iðnaðarins 2014-2017. Ýmis ráðgjöf frá 2016. Forstjóri Mannvits og forvera þess frá 2003 til 2015, aðstoðarframkvæmdastjóri Hönnunar hf. 1997-2007, almenn verkfræðistörf og verkefnastjórnun Hönnun hf. 1991-1997 og 1984-1986.

Í skilningi leiðbeininganna um stjórnarhætti er Eyjólfur Árni óháður félaginu, daglegum stjórnendum þess og hluthöfum í félaginu.

Hefur setið í stjórn Eikar fasteignafélags frá 12. febrúar 2015.

Rök tilnefningarnefndar: Eyjólfur Árni hefur yfirgripsmikla þekkingu og reynslu af stjórnunar- og stjórnarstörfum, hefur t.d. setið í stjórn Eikar fasteignafélags frá árinu 2015. Hann hefur einnig mikla og langa reynslu af íslensku viðskiptalífi og af fasteignamarkaði og byggingarmarkaði gegnum bæði stjórnarsetu sína og fyrri störf.

Reykjavík, 23. mars 2022